

## Fundur stjórnar ÆSKP 19. febrúar 2017 í Neskirkju

Mætt: Eva Björk, Ása Laufey, Katrín Helga, Sigurður Óskar, Daníel og Jónína Sif

### Fundur á Egilsstöðum vegna landsmóts

Jónína Sif segir frá ferð á Egilsstaði, sem hefur frestast í nokkur skipti vegna veðurs. Þar hitti hún Sigríði Rún, stjórnarmeðlim og prest á Seyðisfirði. Þær funduðu með bæjarstjórn og fengu mjög jákvæð viðbrögð. Við fáum húsnæði, skólann, íþróttahúsið og sundlaugina endurgjaldslaust og þurfum einungis að greiða fyrir starfsmenn í íþróttahúsinu.

Lagt upp með að við séum í vetrafríinu – við reynum að koma á móts við það. Þar sem það einfaldar alla skipulagningu og er ódýrara fyrir sveitarfélagið. Rut skólastjóri fundar með skólastjórum á austurlandi – dagsetning mun liggja fyrir í mars. Líklegar dagsetningar er næstsíðasta eða síðasta helgin í október.

Sundlaugin verður opin fyrir almenning á meðan á mótinu stendur en er lokuð þegar sundlaugapartíið á sér stað. Þeir sem eru á leiðinni í sund þurfa að ganga í gegnum íþróttahúsið til að fara í klefana. Á móti kemur að við getum nýtt sundlaugin að vild á meðan á mótinu stendur.

Skólinn er mjög stór og getur klárlega hýst hátt í 500 manns. Ef það pláss er of lítið þá er möguleiki á að fá gistingu í menntaskólanum. Í skólanum er mikið af opnum rýmum sem hentugt er að nýta í leikina og önnur verkefni. Húsvörðurinn Þórhallur var mjög jákvæður og tók vel á móti okkur.

Bæjarstjórn var mjög spennt fyrir MIP eða álíka verkefni sem gerði mótið sýnilegt í bænum.

Gisting fyrir hljómsveit væri í kirkjuselinu í Fellabæ. Gisting fyrir sjálfboðaliða gæti mögulega verið í safnaðarheimilnu eða í skólanum.

Tækjaþjónusta/leigan – á norðfirði á flest allt sem þarf til að gera íþróttasalinn kláran borð og fleira. Á eftir að fá upplýsingar um hve langan tíma þau áætla í verkið sem og verð.

HljóðAust: Hljóðkerfaleiga Austurlands

Maturinn gæti verið í höndum heimamanna líka. Lögð smá áhersla á að við verslum við heimabyggð ef möguleiki er, bæjarstjórn mælti með hótél Valaskjálfi.

Ólíklegt að við fáum styrk úr héraðssjóði, nú þegar fer stór hluti í barna og æskulýðsstarf í heimabyggð.

Kirkjan tekur upp 300 þegar búið er að þjappa – spurning hvort messan þurfi að vera í íþróttahúsinu. Hinsvegar er geggjað útisvæði þar sem haldnar eru útimessur á sumrin og gæti verið geggjað plan að vera með messu þar eða jafnvel í sundlauginni

Gæti messan verið leikur/messy church?

### **Umsókn um alþjóðlegt leiðtoganámskeið**

Jónína segir frá stöðu umsóknar um alþjóðlegt leiðtoganámskeið sem haldið yrði á norðurlandi í haust. EYCE og EF eru til í samstarf. Pétur Björgvin er einnig jákvæður að koma og kenna. Umsóknarfrestur rennur út 26 apríl.

### **Verndum þau fyrir austan**

Hugmyndin var að halda verndum þau fyrir austan á vormánuðum en því hefur núna verið frestað til haustsins þar sem það hentar leiðtogum betur.

### **Heimsóknir á æskulýðsmót**

Rætt um að framkvæmdastjóri, formaður sem og fleiri aðilar úr stjórn fari á æskulýðsmót fyrir norðan og austan ásamt því að mæta á febrúarmót í vatnaskógi. Er þetta hugsað til að efla samstarf og tengingu við leiðtoga.

### **Sumarútilega**

Möguleg sumarútilega/sumarmót rætt. Hugmyndin er að vera á Úlfljótsvatni aðra helgina í Júní. Katrín og Eva taka að sér skipulagningu. Möguleiki á að mótið hæfist formlega á laugardegi þrátt fyrir að leiðtogar gætu komið með hópa strax á föstudagskvöldi.

Hér þarf að skoða rútumál eða hvort hægt sé að bjóða hverju héraðssambandi að sjá um slíkt fyrir sína heimabyggð. Erum að hugsa um lítið og einfalt mót meðan að hefðinni um sumarmót er komið á.

### **Æskulýðsvettvangurinn**

Rætt um hann og möguleg sameiginleg verkefni.

### **Aðalfundur**

Nú þarf að fara auglýsa aðalfundinn betur. Kjósa þarf um ritara og tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Ásamt því að kjósa fimm varamenn. Þeir sem eru áfram inni í stjórn eru Katrín og Eva.

Rætt um fjarfundarbúnað og mögulegt kosningakerfi fyrir þá sem eru á landsbyggðinni.

### **Hjallakirkja óskar eftir að gerast meðlimur**

Samþykkt einróma

### **Orlof**

Jónína lætur vita af því að hún er ólétt og fer væntanlega í orlof upp úr miðjum júlí. Finna þarf afleysingu fyrir hana á meðan.

### **Aðalfundur EF**

Verður haldinn í 9-11 mars í köben. Sigurður fer sem hluti af stjórninni. Þurfum að ákveða hvort einhverjir fleiri fari.

### **Easter Course**

Verður haldið í Finnlandi um páskana. Komnar tvær umsóknir. Við eigum tvö sæti getum mögulega fengið fleiri ef við viljum.

### **Landsmót 2019**

Stefnt að ferð í mars til Ólafsvíkur. Óskar Ingi tekur á móti okkur þar.

### **Landsmót 2018**

Næsta ferð, sennilega aðra vikuna í apríl. Auglýst verður eftir áhugasömum í landsmótsnefnd á aðalfundi. Jóhanna Ýr hefur tekið að sér að vera landsmótsstjóri.